

Leita þarf skýrslna um það, hvort atvinnu- og samgöngu- málaráðuneytinu hafi verið um það kunnugt, er það ákvað skömmtun á sildarmjöli í október 1942, að aðaláfrýjandi hafi þá þegar lofað gagnáfrýjanda eða öðrum ákveðnu magni af sildarmjöli. Og hafi ráðuneytinu verið um slíkt kunnugt, hvort það hafi ætlazt til, að aðiljar, sem lofað hafði verið sildarmjöli, fengi aðeins 60% af því magni, sem þeim hafði verið lofað. Ef svo var, þá ber og að grennslast eftir því, hvort ráðuneytið hafi viljað, að aðiljar, sem pantað höfðu meira magn sildarmjöls en þeir höfðu fengið loforð fyrir, fengi 60% af því magni, sem þeir höfðu pantað, eða einungis af því, sem lofað hafði verið. Svo er og rétt að afla rækilegra gagna um það, hvað ráðherra og starfsmönnum nefnds ráðuneytis annars vegar og fyrirsvarsmönnum Sildarverksmiðja ríkisins hins vegar hafi farið á milli um þessi efni. Loks ber að veita aðiljum kost á að afla annarra þeirra gagna, sem framangreindar skýrslur kunna að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á öflun framangreindra gagna.

Mánudaginn 28. janúar 1946.

Nr. 109/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn

Hirti Georg Ingbórssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í forföllum
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og í stað
hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði skýrir svo frá, að hann hafi verið illa fyrir kall-
aður við vinnu sína eftir hádegi þann 14. júlí 1944. Hafi

hann þá drukkið nokkra sopa af óblönduðu whisky milli kl. 2 og 3 um daginn, en ekki kveðst hann hafa fundið til áhrifa áfengis. Kærði tók að aka bifreið um kl. 7 þann dag, og var öðru hverju að akstri, þangað til kl. um 3 næstu nótt á eftir, er lögreglumenn stöðvuðu bifreið hans og tóku hann til rannsóknar. Reyndist áfengismagn í blóði hans þá vera 1,15 af þúsundi. Samkvæmt álitserð Jóhanns yfir-læknis Sæmundssonar, sem lögð hefur verið fyrir hæstarétt, má telja líklegt, að áfengismagn í blóði kærða, er hann hóf akstur bifreiðar kl. 7 síðdegis þann 14. júlí 1944, hafi eigi verið undir 1,71 af þúsundi, og er þá byggt á þeim fram-burði kærða, að hann hafi einskis áfengis neytt frá því kl. 3 síðdegis nefndan dag og þangað til honum var tekið blóð til rannsóknar um nóttina á eftir. Þegar þetta er virt og þess einnig gætt, að fjórir lögreglumenn telja sig hafa séð nokkur merki áfengisneyzlu á kærða um nóttina, er hann var tekinn, og kærði sjálfur kveður líklegt, að þeir hafi séð á sér þreytumerki, þá verður að telja, að hann vegna undan-farandi neyzlu áfengis hafi verið haldinn slikri þreytu eða sljóleika, að akstur hans um kvöldið og nóttina varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar ber að sýkna hann af kærðu fyrir brot á lögum nr. 33/1935.

Refsing kærða samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og samkvæmt 39. gr. sömu laga að svipta kærða leyfi til aksturs bifreiðar 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 350.00, og skipaðs verjanda sins í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 550.00.

Það er athugavert, að ekki hefur verið tekin skýrsla af lækni þeim, er tók blóð úr kærða, né heimilisfólki hjá Þorvaldi þeim Jónassyni, er í málinu greinir.

Dómsorð:

Kærði, Hjörtur Georg Ingþórsson, greiði 400 króna sekt til rikissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal sviptur leyfi til aksturs bifreiðar 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 350.00, og málf lutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sigurgeirs Sigurjónssonar, samtals kr. 550.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 31. janúar 1945.

Ár 1945, miðvikudaginn 31. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3051/1944: Valdstjórnin gegn Hirti Georg Ingþórssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hirti Georg Ingþórssyni skrifstofumanni, til heimilis á Ásvallagötu 71 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. marz 1901 að Óspaksstöðum í Staðarhreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1930 $\frac{15}{10}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1930 $\frac{21}{10}$ Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.

1931 $\frac{17}{8}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1938 % Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

Málavextir eru þessir:

Kl. 2,50 aðfaranótt 15. júlí s. l. kom Vilhjálmur Heiðdal, Karlagötu 11 hér í bæ, á lögreglustöðina og kærði yfir barsmiðum Þorvalds Jónassonar, Hátúni 9 hér í bæ, í bifreiðinni R 2752, sem kærði á. Lögreglumennirnir Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason, Friðrik Jónsson, Tryggvi Haraldsson og Bergsteinn Jónsson fóru að leita að bifreiðinni og fundu hana í Vonarstræti og stöðvuðu hana. Kærði stjórnaði bifreiðinni, en auk þess voru í henni

fyrregreindur Þorvaldur, Pálina Helga Sigmundsdóttir, kona kærða, og Hallfríður Hansína Guðmundsdóttir ráðskoða, til heimilis að Bringum í Mosfellssveit. Farið var með fólk þetta á lögreglustöðina, og vegna gruns um, að kærði væri undir áhrifum áfengis, var farið með hann á læknavarðstofuna, þar sem blóðsýnishorn var tekið úr honum.

Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason og Bergsteinn Jónsson hafa borið það, að nokkru áður en þetta skeði, sá fyrrnefndi segir um stundarfjórðungi, áður en Vilhjálmur Heiðdal hafi komið á lögreglustöðina, en sá siðarnefndi segir nokkru eftir kl. 2 um nóttina, hafi þeir verið á gangi á uppfyllingunni við Hafnarhúsið og séð bifreið á henni. Önnur framhurð bifreiðarinnar hafi verið opin. Þeir hafi gengið að bifreiðinni, en kærði, sem reyndist vera stjórnandi hennar, hafi þá komið til þeirra. Hafi hann verið með stóryrði og svarað bendingum þeirra með þjósti. Bergsteinn kveðst hafa sagt við kærða vegna stóryrða hans, að annaðhvort hlyti hann að vera undir áhrifum áfengis eða tæpur á sönsu. Lögreglumennirnir segjast síðan hafa gengið frá bifreiðinni.

Bergsteinn Jónsson kveðst ekki geta staðhæft, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi verið ósvifinn í framkomu, en ekki hafi virzt neitt óeðlilegt við göngulag hans, mæli eða útlit. Bergsteinn kveðst ekki hafa komið svo nálægt honum, að hann geti sagt um, hvort áfengislykt hafi lagt úr vitum hans.

Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason segir, að sér hafi kærði virzt vera eitthvað undir áhrifum áfengis, og byggir það á því, að hann hafi verið föstur og voteygur. Þá hafi hann reykt vindlinga í sífellu og kveikt á nýrri með eldri stubb. Hann hafi ekki reikað í spori, talað litið, og því ekki geta sagt um, hvort nokkuð athuga-vert hafi verið við mæli hans.

Friðrik Jónsson hefur borið það, að það hafi ekki leynzt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Hafi hann verið daufeygður, föstur í framan, linmæltur og á vörum hans hafi verið húð, eins og oft sé á drukknum mönnum, er munnur þeirra verði þurr. Hins vegar hafi hann ekki reikað í spori, og Friðrik kveðst ekki hafa komið það nálægt honum, að hann geti sagt um, hvort áfengislykt hafi lagt úr vitum hans.

Tryggvi Haraldsson hefur borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi verið föstur í andliti, varir hans verið þurrar og augu hans vot og rauð, en hann hafi ekki reikað í spori. Tryggvi kveðst ekki hafa heyrt hann tala og ekki komið svo nálægt honum, að hann geti sagt um, hvort vinlykt hafi lagt úr vitum hans.

Jakob Björnsson lögregluþjónn, sem var varðstjóri á lögreglustöðinni, er komið var með kærða þangað, kveðst ekki hafa getað betur séð en að kærði væri undir áhrifum áfengis. Hafi hann verið rauður í andliti og þrúttinn til augnanna. Hins vegar hafi hann

ekki reikað í spori eða verið með drykkjoraus, og ekki hafi verið neitt sérstakt athugavert við mæli hans. Jakob kveðst ekki hafa komið það nálægt kærða, að hann geti borið um, hvort vinlykt hafi lagt úr vitum hans.

Kærði skýrir svo frá, að um klukkan langt gengin 19 um kvöldið hafi fyrrnefndur Þorvaldur Jónasson hringt frá Slippnum til hans í Skipaútgerð ríkisins, þar sem hann vinnur, og beðið hann að aka sér heim til sín, en kærði og Þorvaldur eru kunningjar. Kærði kveðst hafa orðið við bón hans og ekið honum í bifreið sinni R 2752 heim til hans, en komið þó við í nokkrum verzlunum á leiðinni. Hann hafi dvalið heima hjá Þorvaldi góða stund og þegið þar kaffi. Síðan hafi hann ekið með konu Þorvalds suður að Þóroddsstöðum í Öskjuhlíð, tekið þar börn hans í bifreiðina, en ekið svo með þau heim til Þorvalds. Kærði kveðst síðan hafa dvalið þó nokkuð lengi hjá Þorvaldi og segir ástæðuna til þess þá, að Þorvaldur hafi beðið hann um að aka sér seint um kvöldið niður að höfn, því að hann þyrfti að tala þar við varðmann. Hann hafi svo ekið Þorvaldi í bifreiðinni niður að höfn og stöðvað bifreiðina við Hafnarhúsið. Þeir hafi báðir farið inn á skrifstofu Skipaútgerðarinnar og notað þar síma. Þorvaldur hafi síðan farið um borð í skip eitt, sem verið hafi í höfninni. Kærði kveðst á meðan hafa fyrst beðið í skrifstofunni, en síðan farið út í bifreiðina. Er hann hafi verið við bifreiðina, hafi lögreglumenn komið að henni og opnað hana. Kærði kveðst hafa gengið til þeirra og spurt, hvort nokkuð væri athugavert við bifreiðina, en þeir þá kveðið nei við og gengið burt. Segir kærði, að lögreglumennirnir hafi ekki vikið að því, að nokkuð athugavert væri við hann. Þorvaldur hafi komið nokkrum mínútum síðar að bifreiðinni. Kærði kveðst hafa verið að snúa bifreiðinni við hjá Sprengisandi, er fyrrnefndur Vilhjálmur Heiðdal og Sophus Jensen bakari, Leifsgötu 15, hafi farið inn í hana og hafi verið ómögulegt að fá þá til að fara út úr henni. Hafi hann fyrst ekið þeim heim til sín á Ásvallagötu 71 og þar hafi fyrrgreindar Pálína Helga, kona hans, og Hallfríður Hansína komið í bifreiðina. Síðan hafi verið ekið niður í miðbæ og þar hafi tekizt að koma þeim Vilhjálmum og Sophusi úr bifreiðinni. Kærði kveðst síðan hafa ekið bifreiðinni suður Lækjargötu og vestur Vonarstræti, þar sem lögreglumenn stöðvuðu ferð hans.

Kærði neitar því að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn í umrætt skipti. Hann kveðst hafa verið eitthvað illa fyrir kallaður eftir hádegi 14. júlí s. l. og hafi hann drukkið nokkra sopa af óblönduðu whisky milli klukkan 14 og 15 á vinnustað sínum. Hafi hann orðið hressari við þetta, en ekki komizt undir áfengisáhrif. Hann neitar því eindregið að hafa neytt frekara vins í umrætt skipti. Hann hafi unnið allan daginn, og kunni lögreglu-

mennirnir því að hafa getað séð þreytumerki á sér. Þorvaldur hafi verið undir áfengisáhrifum, er hann hitti hann við Slippinn, og muni hann hafa neytt áfengis, er hann fór um borð í skipið.

Framburður Þorvalds Jónassonar er í samræmi við framburð kærða, en hann kveðst þó ekki muna, hvort hann fór snöggvast með kærða á skrifstofu Skipaútgerðarinnar. Hann kveðst ekki hafa getað séð vin á kærða eða vita til þess, að hann neytti áfengis í umrætt skipti.

Vilhjálmur Heiðdal og Sophus Jensen hafa borið það, að þeim hafi verið boðið í bifreið kærða við Sprengisand og farið í henni heim til hans. Þar hafi tvær konur komið í bifreiðina. Síðan hafi kærði ekið bifreiðinni niður í miðbæ, og þar hafi þeir farið úr henni. Þeir segjast ekki geta fullyrt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, og ekki hafi þeir séð hann neyta áfengis, enda hafi ekkert áfengi verið haft um hönd í bifreiðinni, á meðan þeir voru í henni. Þeir segjast sjálfir hafa verið búnir að neyta áfengis, en lögreglumenn töldu þá vera undir áhrifum áfengis.

Pálína Helga Sigmundsdóttir og Hallfríður Hansína Guðmundsdóttir segjast hafa komið í bifreið kærða við heimili hans, og hafi þá verið í henni auk kærða Þorvaldur Jónasson og tveir menn aðrir. Kærði hafi síðan ekið bifreiðinni niður í miðbæ og þar hafi tveir síðasttaldir menn, sem verið hafi óvelkomnir í henni, farið úr henni. Í Vonarstræti hafi svo lögreglumenn stöðvað bifreiðina. Þær segjast ekki hafa getað séð eða vita til þess, að kærði hefði neytt áfengis í þetta skipti.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr kærða, sýndi, að áfengismagn þess var 1,15 af þúsundi.

Einkenni þau, sem Tryggvi Haraldsson byggir þá staðhæfingu sína, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, á, eru aðeins þau, að hann hafi verið föllur í andliti, varir hans rauðar og augu hans vot og rauð, en Friðrik Jónsson á því, að hann hafi verið daufeygður, föllur í framan, linnmæltur og á vörum hans hafi verið húð, eins og oft sé á druknum mönnum. Jakob Björnsson kveðst ekki hafa getað betur séð en að kærði væri undir áhrifum áfengis og byggir það á því, að hann hafi verið rauður í andliti og þrúttinn til augnanna. Allir þrír segja, að kærði hafi ekki reikað í spori, og Jakob bætir því við, að hann hafi ekki verið með drykkjuraus eða neitt sérstakt athugasvert við mæli hans. Sigurður Gunnlaugur Halldór Ingason og Bergsteinn Jónsson töluðu við kærða niður við höfn, nokkru áður en hann var handtekinn, og vissu þá, að hann var með bifreið, en létu hann afskiptalausán. Sigurður Gunnlaugur Halldór segir svo, að er kærði hafi verið handtekinn, hafi honum virzt hann vera undir áhrifum áfengis, og byggir það á því, að hann hafi verið föllur, voteygður og reykt vindlinga í sífellu. Hins vegar hafi hann ekki reikað í spori. Bergsteinn kveðst aftur á

móti ekki geta staðhæft, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn, og hafi ekki virzt vera neitt óeðlilegt við mæli, útlit eða göngulag hans.

Þegar þess er gætt, að einn lögreglumannanna gat ekkert óeðlilegt séð við mæli, útlit eða göngulag kærða, að einkenni þau, er hinir lögreglumennirnir byggja þá skoðun sína, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, á, eru ekki ótvíræðari eða önnur en áður greinir, að engin önnur vitni, sem leidd hafa verið í málinu, hafa borið, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, og loks að samkvæmt áfengismagninu í blóðsýnishorninu úr kærða eru frekar líkur fyrir því, að hann hafi ekki verið undir áfengisáhrifum, þykir ekki gegn eindregnum mótmælum hans örugg sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2752 undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber þá að greiða úr rikissjóði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Hjörtur Georg Ingþórsson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Miðvikudaginn 30. janúar 1946.

Nr. 115/1945. Kristján Kristjánsson

(Hrl. Gústav A. Sveinsson)

gegn

Eggert Eggertssyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsaleiga Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp sem setufógeti Kristinn Ólafsson lögfræðingur.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með